

KROSSEYRI Í GEIRÞJÓFSFIRÐI

Tillaga að svörum við athugasemdum umsagnaaðila við deiliskipulag heilsuseturs

Á Krosseyri í Geirþjófsfirði.

Samantekt - minnisblað

Athugasemdir frá **Náttúrufræðistofnun Íslands**. Dagssett. 6. maí 2024:

Athugasemdir – viðbrögð:

1. Hámarksfjöldi gistirýma – **Fjöldi gistirýma bætt í skilmála deiliskipulagsins.**
2. Umfjöllun um samgöngur - ?

Varðandi samgöngur þá er 5. gr. uppfærð, þannig að hún verður eftirfarandi:

5. AÐKOMA O. FL:

Sem fyrr segir er landið ekki í vegasambandi, þannig að aðkoma að svæðinu verður eingöngu frá sjó. Gert er því ráð fyrir flotbryggju í fjörunni fyrir neðan núverandi íbúðarhús. Ennfremur verður svæðið þjónustað sjóleiðina s.s. með efni til bygginga, mat og vistir o.fl. Sorp og annar úrgangur verður einnig fluttur sjóleiðina frá staðnum.

3. Umfjöllun um losun sorps – **Sjá uppfærða 5. gr.**
4. Umfjöllun um raflagnir

Varðandi rafmagn þá er 10. gr. uppfærð, þannig að hún verður eftirfarandi:

10. RAFMAGN OG RAFLÝSING

Ekki er gert ráð fyrir að tengja svæðið við rafveitu heldur verða sólarcellur nýttar til að afla rafmagns. Raflýsingu á svæðinu skal halda í lágmarki, en beina henni niður þar sem hún er.

5. Umfjöllun um fjarskiptasamband - ?
6. Varðandi mænishæð - ?
7. Stærð deiliskipulagssvæðis: **Leiðrétt**
8. Útlitsmyndir af byggðinni - ?

Athugasemdir frá **Umhverfisstofnun**. Dagsett: 10. maí 2024

Athugasemdir - viðbrögð

1. Ásýnd - ?

2. Frárennsli:

Bætti við eftirfarandi texta við 14. gr. :

Ýtrustu umhverfissjónarmiðum skal fylgt á svæðinu og skulu vatnsveitu-, fráveitu- og úrgangsmál vera í samræmi við lög og reglugerðir.

3. Sjávarfitjar og votlendi:

Bætti við eftirfarandi texta í 13. gr. skilmála;

Samkvæmt kortsjá Náttúrustofnunar Íslands eru litlir votlendisflákar og eitthvað um sjávarfitjar innan skipulagssvæðisins. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Tillagan gerir ekki ráð fyrir röskun á votlendi eða sjávarfitjum, þar sem byggingareitir eru staðsettir utan þeirra.

4. FRAMKVÆMDALEYFI

Bætti við eftirfarandi 15. gr. í skilmála deiliskipulagsins sem er eftirfarandi:

Skylt er að óska framkvæmdarleyfis, eða eftir atvikum byggingaleyfis, vegna allra framkvæmda. Sérstaklega sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminja sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2.gr. og 3.gr. laga. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið er mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ekki er talið að heimildir deiliskipulags til framkvæmda hafi áhrif á ofangreindum svæðum sem njóta sérstakrar verndar, umsóknir um framkvæmdir eru háðar mati skipulags- og byggingaryfirvalda m.a. m.t.t. ofangreindra verndarmarkmiða.

Athugasemdir **Minjastofnunar**, dagsett 23. apríl 2024

Athugasemdir - viðbrögð:

Bætti eftirfarandi í 12. Gr. Fornleifar;

Þess skal gætt að ekki verði byggt ofan í tóftir. Sumstaðar geta minjar leynst undir sverði þótt þær séu ekki sjáanlegar á yfirborði. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að fá fornleifafræðing til að taka prufuskurði á byggingareitum, til að ganga úr skugga um að minjar leynist ekki undir sverði.

HE Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir.